

Auglýsing um friðland í Búðahrauni, Snæfellsnessýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa þann hluta Búðahrauns á Snæfellsnesi sem tilgreindur er hér á eftir og með neðanskraðum reglum.

*Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:*

Búðaós frá sjó og síðan girðing friðlandsins að austan og norðan allt að vestur-mörkum lands Félags Snæfellinga og Hnappdæla (samkvæmt afsöllum frá 1943, en þinglýst 26. janúar 1944). Síðan fylgja mörk friðlandsins þeim mörkum til sjávar, en eftir það ræður sjávarströnd að sunnan að Búðaósi.

*Um friðlandið gilda þessar reglur:*

1. Mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi [Umhverfisstofnunar].
2. Almennungi er heimil för um svæðið og dvöl á því í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengi gætt.
3. Akstur utan vega og merktra slóða er óheimill.
4. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.
5. Berjatínsla, önnur en til neyslu á staðnum, er óheimil án leyfis.
6. Beit búfjár er óheimil á friðlandinu.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 283/1977 um sama efni.

Menntamálaráðuneytið, 14 ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

---

Runólfur Þórarinnsson